



## PERSÓNUVERNDARSTEFNA

Persónuverndarstefna þessi („**stefnan**“) er sett með vísan til 17. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem vísar til 13. og 14. gr. persónuverndarreglugerðar Evrópusambandsins nr. 2016/679 („**GDPR**“).

### 1. Inngangur

VEX ehf. (hér eftir „**VEX**“ eða „**félagið**“) sérhæfir sig í stýringu fjármuna og rekur sérhæfða sjóði sem eingöngu eru aðgengilegir fagfjárfestum og viðurkenndum gagnaðilum. Félagið er skráð sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða.

VEX er ábyrgðaraðili sérhverra persónuupplýsinga sem félagið eða aðrir í þess þágu safnar og vinnur um viðskiptamenn félagsins. Félagið ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við gildandi persónuverndarlög. Í stefnu þessari verður farið yfir meðferð VEX á persónuupplýsingum sem unnar eru í tengslum við starfsemi félagsins og þá þjónustu sem félagið veitir. Markmið persónuverndarstefnunnar er að upplýsa viðskiptamenn félagsins um vinnslu persónuupplýsinga hjá félaginu, tilgang og grundvöll vinnslunnar af hálfu félagsins og veita viðskiptamönnum upplýsingar um réttindi sín með það fyrir augum að tryggja sanngjarna og gagnsæja vinnslu í samræmi við gildandi persónuverndarlög.

Þegar vísað er til viðskiptamanns er átt við hluthafa í sjóðum í stýringu VEX, fjárfesta, fyrirsvarsmenn lögaðila/fjárfesta og aðra þá einstaklinga sem félagið vinnur persónuupplýsingar um.

### 2. Tegundir og uppruni persónuupplýsinga

Þegar aðilar fjárfesta í sjóðum VEX óskar félagið eftir upplýsingum um viðskiptamenn, ýmist frá þeim sjálfum eða frá öðrum aðilum og þá með samþykki viðskiptamanns. Félagið safnar upplýsingum meðal annars til að uppfylla skyldur sem hvíla á félaginu samkvæmt samningum eða lögum, einkum lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

Í dæmaskyni má nefna upplýsingar um:

**Kennitala, skilríki og auðkenni:** Kennitölur, skilríki og upplýsingar um þjóðerni, t.d. vegabréf, ökuskírteini og rafræn auðkenni til að félaginu sé kleift að bera kennsl á einstakling.

**Samskiptaupplýsingar:** nafn, heimilisfang og aðrar samskiptaupplýsingar, s.s. netfang og símanúmer, og starfstíll.

**Samningsupplýsingar:** Atriði er varða þá samninga sem viðskiptamaður hefur gert við félagið og upplýsingar um þær vörur og þá þjónustu sem félagið veitir viðskiptamanni svo hægt sé að framfylgja ákvæðum samninga.

**Upplýsingar um samskipti:** Upplýsingar sem félagið fær um viðskiptamenn með bréfum og tölvupóstum sem viðskiptamenn senda félaginu svo félagið geti veitt viðskiptamanni þjónustu, bætt hana og brugðist við erindum hans og ábendingum.

**Opinberar upplýsingar:** T.d. upplýsingar úr þjóðskrá, hlutafélagaskrá og öðrum opinberum skráum.

**Skjöl sem einstaklingur hefur undirritað eða afhent:** Geymd eru afrit af þeim samningum sem viðskiptamenn hafa gert við félagið og skjölum sem viðskiptamaður hefur afhent félaginu í tengslum við gerð slíkra samninga. Þetta er gert til að sanna tilvist skjalanna og efnisatriði þeirra.

**Hæfi viðskiptamanns o.fl.:** Við mat á hæfi viðskiptamanns er upplýsinga aflað um menntun og reynslu viðskiptamanns, fjárhagslega stöðu og áhættusækni í því skyni að flokka viðskiptamann í almennan fjárfesti eða fagfjárfesti.



**Eignastaða viðskiptamanns í sjóðum félagsins:** s.s. upplýsingar um hlutdeild viðskiptamanna í sjóðum félagsins.

**Áreiðanleika viðskiptamanns:** Áreiðanleiki viðskiptamanns er m.a. kannaður með því að afla upplýsinga um þjóðerni, tilgang viðskipta, uppruna fjármagns, afrits af persónuskilríkjum, upplýsingum um skattalegt heimilisfesti og ríkisborgararétt.

Upptalningin er í dæmaskyni og er ekki tæmandi. VEX gæti unnið með aðrar persónuupplýsingar til að efna samning við viðskiptamann en rétt er að tilgreina að viðskiptamanni er ávallt valkvætt að veita persónuupplýsingar. Séu upplýsingar ekki veittar kann það að hafa áhrif á möguleika félagsins til að veita viðskiptamanni þjónustu.

### 3. Notkun persónuupplýsinga og vinnslugrundvöllur

Það fer eftir eðli samningssambands viðskiptamanns og VEX hvaða heimild liggur til grundvallar vinnslu persónuupplýsinga og í hvaða tilgangi upplýsingarnar eru unnar. VEX notar einkum persónuupplýsingar viðskiptamanna til að:

#### **a. Uppfylla samningsskyldur félagsins**

Í því skyni að stofna til og efna samningsskyldur félagsins við viðskiptamenn safnar VEX ákveðnum persónuupplýsingum, einkum upplýsingum sem auðkenna viðskiptamann, samskiptaupplýsingar og hlutdeild í sjóðum sem félagið rekur.

#### **b. Lagaskylda**

Vinnsla VEX á persónuupplýsingum byggir að miklu leyti á nauðsyn félagsins til að uppfylla ýmsar lagalegar skyldur sem leggja skyldu á félagið að vinna ákveðnar persónuupplýsingar í tilteknum tilgangi.

Þar má nefna eftirfarandi lög:

- Lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
- Lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða
- Lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga
- Lög nr. 145/1994 um bókhald

Til að mynda ber VEX skylda til að afla upplýsinga um hlutdeild eigenda hlutdeildarskírteina í sjóðum félagsins í samræmi við lög um sérhæfða sjóði.

#### **c. Gæta lögmætra hagsmuna félagsins eða þriðja aðila**

VEX vinnur persónuupplýsingar á grundvelli lögmætra hagsmuna félagsins í afmörkuðum tilvikum. Ef vinnsla persónuupplýsinga er nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna félagsins þá kann VEX að vinna persónuupplýsingar um viðskiptamann umfram það sem þarf til að uppfylla og framfylgja samningsskyldum félagsins, nema hagsmunir viðskiptamanns vegi þyngra. VEX vinnur einkum persónuupplýsingar á grundvelli þessa tilgangs til tryggja öryggis- og eignavörslu félagsins og til að markaðssetja starfsemi sína til viðskiptamanna.

### 4. Miðlun persónuupplýsinga

Starfsmenn VEX hafa aðgang að persónuupplýsingum að því marki sem nauðsynlegt er til að uppfylla samningsskyldur félagsins við viðskiptamenn. Starfsmenn VEX eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nema lagaskylda hvíli á félaginu eða ef viðskiptamaður hefur veitt samþykki sitt fyrir miðlun upplýsinganna. Þá hafa þjónustuaðilar VEX, sem vinna persónuupplýsingar í þágu félagsins, aðgang að persónuupplýsingum.

Þetta eru einkum útivistunaraðilar sem veita félaginu stoðþjónustu á grundvelli laga nr. 45/2020, sbr. nánar kafla 6 *Notkun vinnsluaðila*.



Yfirvöld kunna að fá í hendur persónuupplýsingar frá félaginu. Þar á meðal eru; Ríkisskattstjóri, Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, lögreglu yfirvöld samkvæmt heimild eða með samþykki viðkomandi einstaklings o.s.frv. Viðskiptabankar viðskiptamanna kunna að fá persónuupplýsingar frá félaginu í afmörkuðum tilvikum.

## 5. Miðlun persónuupplýsinga utan evrópska efnahagssvæðisins

GDPR gildir í öllum ríkjum innan Evrópska Efnahagssvæðisins („**EES-svæðisins**“) og er miðlun persónuupplýsinga innan EES-svæðisins því ótakmörkuð. GDPR takmarkar hins vegar miðlun persónuupplýsinga til landa utan EES-svæðisins, þ. á m. til Bandaríkjanna, nema ef ríkið, sem um ræðir, hefur verið staðfest af ESB sem „öruggt þriðja ríki“ (t.d. nú Bretland). Félagið miðlar aðeins persónuupplýsingum til landa utan EES-svæðisins ef þess er krafist samkvæmt lögum. s.s. tilkynningarskylda samkvæmt skattalöggjöf (CRS og FATCA) eða viðskiptamaður hefur veitt samþykki fyrir slíkri miðlun. Þegar miðlun á sér stað þá ber VEX ábyrgð á því að viðeigandi verndarráðstafanir séu til staðar hjá viðtakanda svo fullnægjandi vernd persónuupplýsinga viðskiptamanna sé tryggð.

## 6. Notkun vinnsluaðila

VEX notar vinnsluaðila í ákveðnum tilvikum, einkum í tengslum við útvistun á starfsemi sem heimilt er að útvista samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, s.s. bókhalds- og uppgjörsþjónustu, viðhaldi skráa yfir eigendur hlutdeildarskírteina, vörsluþjónustu o.fl. Auk þess útvistar félagið rekstri upplýsingakerfa og hýsingu. VEX gætir þess að þjónustuaðilar sem vinna í þágu félagsins veiti persónuupplýsingum fullnægjandi vernd samkvæmt persónuverndarlöggjöfinni.

## 7. Varðveislutími

VEX varðveitir persónuupplýsingar um viðskiptamenn á meðan á samningssambandi þeirra stendur.

Þegar samningssambandi lýkur þá eyðir félagið persónuupplýsingunum séu þær ekki nauðsynlegar til að uppfylla lögbundnar skuldbindingar. Að jafnaði eru persónuupplýsingar varðveittar í 5-7 ár frá lokum viðskiptasambands og byggir sá varðveislutími á þeim lögum sem um starfsemina gilda, lögum um markaði fyrir fjármálagerninga og lögum um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

## 8. Réttindi viðskiptamanna

Samkvæmt lögum um vinnslu persónuupplýsinga njóta viðskiptamenn ákveðinna réttinda í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga um þá. Viðskiptamenn hafa rétt til að:

- Óska eftir upplýsingum um hvernig VEX vinnur persónuupplýsingar um þá og fá afrit af þeim upplýsingum;
- Óska eftir því að VEX eyði um þá upplýsingum, leiðrétti óreiðanlegar persónuupplýsingar sem VEX vinnur eða fullgeri ófullkomnar persónuupplýsingar;
- Óska eftir því að fá persónuupplýsingarnar á skipulegu, algengu og tölvulesanlegu sniði og fá þær sendar annarri stofnun;
- Óska eftir því að VEX takmarki vinnslu persónuupplýsinga í ákveðnum tilvikum, s.s. þegar vinnslu hefur verið andmælt;
- Andmæla vinnslu VEX í þágu beinnar markaðssetningar;
- Andmæla vinnslu VEX á grundvelli lögmætra hagsmuna þeirra, þ. á m. vinnslu sem felur í sér persónugreiningu;
- Leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef viðskiptamaður álitur að vinnsla á persónuupplýsingum hans brjóti í bága við gildandi lög.

VEX er heimilt í afmörkuðum tilfellum að hafna því að persónuupplýsingum um viðskiptamenn sé eytt, þær fluttar eða að þeir fái aðgang að gögnum. Andmæli viðskiptamaður vinnslu mun VEX hætta vinnslu



persónuupplýsinganna nema félagið geti sýnt fram á lagaskyldu eða lögmæta hagsmuni sem ganga framár hagsmunum viðskiptamanns.

## 9. Öryggi og vernd persónuupplýsinga

VEX gerir viðeigandi ráðstafanir til þess að vernda persónuupplýsingar viðskiptamanna gagnvart misnotkun, röskun og tjóni, og óheimilum aðgangi, breytingum eða birtingu. Þær ráðstafanir sem félagið styðst við eru einkum fólgnar í:

- Innleiðingu tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana sem ætlað er að tryggja viðvarandi trúnað, samfellu, tiltækileika og álagsþol vinnslukerfa og þjónustu;
- Stýringu á aðgengi einstaklinga að starfstöð okkar og öryggisvörslu;
- Stýringu á aðgengi starfsmanna og annarra að kerfum sem hafa að geyma persónuupplýsingar;
- Að tryggja að þeir sem hafa aðgang að persónuupplýsingunum viðskiptamanna, hafi gert viðeigandi verndarráðstafanir til að tryggja öryggi persónuupplýsinga; og
- Afmörkun varðveislutíma og eyðingu persónuupplýsinga viðskiptamanna.

## 10. Breytingar á persónuverndarstefnunni

Stefna þessi verður uppfærð reglulega til samræmis við breytta viðskiptahætti og lagaskyldu. Ef VEX gerir verulegar breytingar á því hvernig félagið vinnur persónuupplýsingarnar viðskiptamanna mun stefnan verða uppfærð til að endurspeglar þær breytingar. VEX hvetur viðskiptamenn til að skoða þessa stefnu reglulega til að vera upplýstir um hvernig félagið notar og verndar persónuupplýsingar.

## 11. Samskiptaupplýsingar

Viðskiptamaður getur haft samband við félagið með öll mál sem tengjast vinnslu á persónuupplýsingum hans og hvernig hann geti neytt réttar síns samkvæmt lögum um persónuvernd.

Ef viðskiptamaður hefur spurningar vegna vinnslu persónuupplýsinga eða athugasemdir við stefnu þessa skal beina erindum vegna þess til VEX, með bréfpósti eða tölvupósti.

VEX ehf.

Klapparstíg 29,

101 Reykjavík

Netfang: vex@vex.is

Samþykkt af stjórn VEX ehf. þann 7. nóvember 2023

Þannig uppfært og samþykkt af stjórn þann 31. janúar 2025